

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2018

2020/EES/6/20

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1455 frá 10. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu píkoxýstróbín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1496 frá 23. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 frá 30. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klórópálónífl, klórótólúrón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, flúfenaset, flúrtamón, forklorfenúrón, fosfíásat, indoxakarb, ípródíón, MCPA, MCPB, silpíófam, píófanatmetýl og tríbenúrón ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1526 frá 6. september 2017 um að samþykkja ekki virka efnið betasýpermetrín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 frá 6. september 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virku efnin sýflúfenamíð, flúópíklíð, heptamaloxýlóglúkan og malpíón ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 frá 7. september 2017 um samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1530 frá 7. september 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið kvisalófóp-p-tefúryl ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1531 frá 7. september 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ímasamoxi sem efni sem ráðgerter að skipta út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 208, 11.8.2017, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 218, 24.8.2017, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 115.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 4.

um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁸⁾.

- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
 - „– **32017 R 1455:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1455 frá 10. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 208, 11.8.2017, bls. 28),
 - **32017 R 1496:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1496 frá 23. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 218, 24.8.2017, bls. 7),
 - **32017 R 1511:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 frá 30. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 115),
 - **32017 R 1527:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 frá 6. september 2017 (Stjttíð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 3),
 - **32017 R 1529:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 frá 7. september 2017 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1),
 - **32017 R 1530:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1530 frá 7. september 2017 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 4),
 - **32017 R 1531:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1531 frá 7. september 2017 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 6).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzy (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1506):
 - „13zzzzzzzz. **32017 R 1455:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1455 frá 10. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu píkoxystróbín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 208, 11.8.2017, bls. 28).
 - 13zzzzzzzza. **32017 R 1496:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1496 frá 23. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 218, 24.8.2017, bls. 7).
 - 13zzzzzzzzb. **32017 R 1526:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1526 frá 6. september 2017 um að samþykkja ekki virka efnið betasýpermetrín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 1).
 - 13zzzzzzzzc. **32017 R 1529:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 frá 7. september 2017 um samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 6.

13zzzzzzzzd. **32017 R 1531**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1531 frá 7. september 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ímasamoxi sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stj. tíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1455, (ESB) 2017/1496, (ESB) 2017/1511, (ESB) 2017/1526, (ESB) 2017/1527, (ESB) 2017/1529, (ESB) 2017/1530 og (ESB) 2017/1531 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.